

Jarðgöng frá fornri tíð á Íslandi

Skýrsla um jarðgöng á klausturstöðum, biskupssetrum og höfðuðbólum á miðöldum



Hermann Jakob Hjartarson

Steinunn Kristjánsdóttir

Klaustur á Íslandi – Monasticism in Iceland

Reykjavík 2016

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Jarðgöng á klausturstöðum	3
Munkaþverá	3
Keldur	6
Reynisstaður.....	8
Skriðuklaustur	9
Helgafell.....	10
Bær í Bæjarsveit.....	11
Göng á biskupssetrum.....	12
Skálholt	12
Hólar í Hjaltadal.....	13
Göng á bæjarstæðum.....	14
Reykholt.....	14
Selárdalur	15
Vatnsfjörður	15
Hrafnseyri	16
Fleiri göng.....	17
Umræður	18
Heimildaskrá.....	19
Myndaskrá.....	21

© Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir 2016

Jarðgöng frá fornri tíð á Íslandi. Skýrsla um jarðgöng á klausturstöðum, biskupsstólum og höfuðbólum á miðöldum.


Vettvangsskýrsla XXII

Reykjavík: höfundar

Mynd á forsíðu: Inngangur að göngunum á Keldum (ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson).

Formáli

Þegar fornleifauppgröftur fer fram, þá eiga fornleifafræðingar það oft til að hætta greftri þegar þeir eru komnir niður á náttúrulegan jarðveg. Á Íslandi er oft miðað við að vera komin niður á ísaldarleir. Ekki getur verið neitt þar undir, þar sem það er jarðvegur sem myndaðist þúsundum ára fyrir landnám. Ein tegund af fornleifum getur þó fræðilega reynst vera þar undir en það eru jarðgöng. Jarðgöng eru í flestum tilfellum grafin frá einum stað til annars. Þau eru aðeins mögulega sýnileg á tveimur stöðum, þar sem göngin eru grafin og þar sem þau enda, nema þau hafa fallið saman og myndað dæld. Fyrir ofan jarðgöng getur því verið óhreyfður jarðvegur.



Mynd 1. Þeir staðir sem rætt er um í þessari skýrslu.

Skýrsla þessi var unnið í tengslum við verkefni sem lítur að kortlagningu klaustra á Íslandi undir stjórn Steinunnar Kristjánsdóttur og heitir *Klaustur á Íslandi*. Í henni verður gert grein fyrir fornum jarðgöngum sem hafa fundist eða ritaðar heimildir eru til um á klausturstöðunum en líka á biskupastólum og höfuðbólum (mynd 1). Áður hefur verið skrifað um jarðgöng, til

að mynda í greinum Þórs Hjaltalín, *Jarðgöng á Keldum* (2000) og *Íslensk jarðhús* (2010) og er stuðst við hans skrif hér.

Í skýrslunni koma fyrir þrenns konar heimildir um jarðgöng. Fyrst ber að nefna fornritin en jarðgöng koma fyrir í Íslendingasögum og Sturlunga sögu. Þór Hjaltalín flokkar í verkum sínum hvernig þau koma fyrir í þeim. Þar bendir hann á að í Íslendingasögnum sé oftast talað um jarðhús sem eru þá eiginleg göng sem liggja frá einum stað til annars neðanjarðar. Í Íslendingasögnum liggja þessi jarðhús oftast frá híbýlum að útihúsum (t.d. Reykdælasaga og Víga-Skútu 1987, bls. 1777), að „baki húsum“ (t.d. Hávarðar saga Ísfirðings 1998, bls. 1319) eða að ám eða lækjum (t.d. Gísla saga Súrssonar 1998, bls. 878). Þór nefnir einnig aðra tegund af göngum, svokallaða forskála en þeir koma fram í Sturlunga sögu. Forskálar voru frábrugðnir jarðhúsum, eða jarðgöngum, að því leyti að þeir voru að hluta til ofanjarðar og að hluta til neðanjarðar (Þór Hjaltalín 2010, bls. 145–155).

Annar flokk heimilda sem hér ber að nefna eru sögusagnir eða munnmæli um jarðgöng, sem oft verða til vegna þess að fólk hefur séð dældir í jörðinni, komið niður á hleðslur eða annað sem það hefur talið vera jarðgöng. Í þjóðsögum er í sumum tilfellum minnst á jarðgöng sem getur stafað af því að fólk hefur rekist á eitthvað sem minnir á göng og sagan orðið til út frá því. Sögusagnir eru til um jarðgöng á t.d. Munkaþverá, Skriðuklaustri, Hólum í Hjaltadal, Selárdal, Vatnsfirði og Hrafnseyri, án þess að vitað sé með vissu að þau hafi verið til.

Að lokum ber að nefna vitnisburð fornleifafræðinnar en nokkur jarðgöng hafa fundist við fornleifauppgröft. Sums staðar eru einnig til ritaðar heimildir fyrir þeim eins og í Skálholti og Reykholti en annars staðar eins og til dæmis á Keldum var ekkert vitað um göngin áður en þau fundust við uppgröft.


Jarðgöng á klausturstöðum

Í kaflanum hér á eftir verður fjallað um jarðgöng á klausturstöðinum, bæði göng sem vitað er að voru til eins þau sem aðeins sögusagnir eru til um.

Munkaþverá

Að Munkaþverá í Eyjafirði var munkaklaustur af Benediktsreglu. Það var stofnað árið 1155 af Birni Gilssyni biskupi á Hólum og stóð í 396 ár eða til ársins 1551 (Janus Jónsson 1989, bls. 200 og 212). Til eru heimildir frá 19. öld um mögulega tilvist jarðganga í Munkaþverárklaustri. Á mynd 2 má sjá teikningu af þeim eftir Jakob J. Jónsson sem bjó á

Munkaþverá og fylgdi bréfi sem hann sendi Sigurði Guðmundssyni málara árið 1874. Á teikningunni liggja göngin frá austurhluta kirkjunnar suður að kirkjugarðinum. Jakob segir í bréfinu: „Göngin úr kirkjunni vita menn ekkert um, nema hvað stórir steinar eins og úr hleðslu eru niðri í garðinum hjerumbil þar sem blýantstrikin eru“ (Jakob J. Jónsson, 1874). Það má skilja út frá þessum orðum að hann sé ekki viss um að þarna séu göng og að hann geti sér til um að þau séu þar sem hann teiknar þau. Hann virðist í það minnsta vera öruggur um að þarna einhvers staðar hafi verið göng. Því til stuðnings hafa menn bent á að jörð sigi á ákveðnum stað suður úr austari hluta kirkjunnar (Guðrún Harðardóttir, 1998, bls. 32). Ekkert kemur hins vegar fram um göng í vísitasíum né í staðar- og kirkjuúttektum frá 18. öld eða fyrr.



Mynd 2. Uppdráttur af kirkju og bæ á Munkaþverá, gerður af Jakobi J. Jónssyni.


Í tengslum við fornleifaskráningu sem fram fór fram árið 1996 nefna Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson þessi göng:

„Sagnir eru um að komið hafi verið niður á göng sem lágu frá kirkjukór norður (hér eiga þeir sennilega við suður frekar en norður) að heim stað þar sem klausturbyggingarnar eiga að hafa verið. Vitnað er í gamalt fólk um að erfitt hafi verið að taka grafir á því svæði og til skamms tíma mun hafa sést um 1,5 m breitt sig í veginum sem liggur meðfram kirkjugarðsveggnum að sunnan og þurfti lengi að bæta í það mól áður en það hætti að sjást. Ekki hefur þó verið grafið niður á göngin í núverandi manna minnum. Ávallt hefur verið talið að kirkjan standi á sama stað og hún hefur alltaf gert en þegar stéttin var gerð sem nú liggur að kirkjunni að sunnan kom í ljós bogadregin hleðsla, sem talin var garðhleðsla frekar en veggjar, skammt frá kirkjuhorninu og gæti það bent til að kirkjan hafi færst til vesturs í tímans rás.“ (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson 1996, bls.69)

Benjamín Kristjánsson nefnir þessi göng í grein sem hann skrifaði árið 1955: „Klaustrið mun alla tíð hafa staðið suður af kirkjunni gegnt bæjarhúsum, hér um bil þar, sem nú er trjágardurinn. Úr klaustrinu voru göng neðan jarðar í kirkjuna. Hafa menn þrásinnis rekizt á hleðslur þessar, þegar grafið hefir verið í garðinn“ (Benjamin Kristjánsson 1955, bls. 354)

Sumarið 2015 rannsökuðu höfundar ásamt fleirum svæðið með könnunarskurðum. Einn þeirra var tekinn þar sem teikning Jakobs J. Jónssonar sýnir að hafi verið jarðgöng. Skurðurinn var tekinn á milli kirkjugarðsins og minningarreits Jóns Arasonar sem er sunnan við garðinn (mynd 3).

Munkaþverá
T_2015-21-9
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 2



Mynd 3. Flatarteikning af steinhleðslunni sem grafin var upp á Munkaþverá. (Teikning: Vala Gunnarsdóttir)

Í dag er þarna malarvegur og var því notast við gröfu til þess að grafa í gegnum efstu lögin. Könnunarskurðurinn (nr. 1) var 1x2 metrar að stærð. Í ljós komu mannvistarlög, m.a. brennt lag og steinhleðsla sem lá í N-S. Þessi steinhleðsla var fyrir ofan gjóskulag sem talið er vera

úr gosinu í Veiðivötnum árið 1477. Hleðslan reyndist ekki vera jarðgöng heldur einhvers konar hleðsla eigi að síður, mögulega veggur úr byggingu, en erfitt er að bera kennsl á mannvirkið út frá svo litlum könnunarskurði. Sams konar hleðsla fannst í öðrum skurði (könnunarskurður 2) sem grafinn var sunnan við minningarreitinn. Mögulegt er að þessar hleðslur séu hluti af stærri byggingu sem náði yfir stórt svæði frá könnunarskurði 2 og inn í núverandi kirkjugarð. Gera má því ráð fyrir að um klausturbygginguna sjálfa sé að ræða, svo stór er rústin að grunnfleti. Sennilegt er að þær hleðslur sem komið var niður á þegar grafið var í garðinum í fyrri tíð séu ekki jarðgöng, heldur hluti af þessari stóru byggingu (Steinunn Kristjánsdóttir o.fl. 2015, bls. 7–9).

Keldur

Tilraun var gerð til stofnunar klausturs á Keldum af Jóni Loftsyni. Hann lét byggja þar kirkju og klausturhús 1193. Synir Jóns tóku við klaustrinu eftir dauða hans árið 1197 en af heimildum má ráða að byggingar þess hafi verið rifnar árið 1222. Þá skiptu sonarsynir Jóns með sér viðunum úr klaustrinu sem arfi (Þorláks saga B 2002, bls. 180–181). Á Keldum eru jarðgöng sem liggja frá bænum að ánni. Jarðgöngin uppgvötaði Skúli Guðmundsson bóndi þegar hann var að grafa fyrir kamarsþró árið 1932. Hann lýsir því að þau hafi verið 25 metra löng en opin á 10 metra kafla. Skúli hafði samband við þáverandi þjóðminjavörð, Matthías Þórðarson, sem gróf í þau til þess að rannsaka þau nánar. Hann gróf göngin fram eins og hann hélt að þau væru en þessi vinna tók tvö ár með hléum. Árin 1997–2001 voru göngin rannsökuð aftur þegar suðurveggur skálans var rifinn niður. Þegar þau voru skoðuð kom fljótt í ljós að Matthías hafði grafið göngin út á vitlausum stað, því þau voru mun vestar en hann hafi haldið. Það kann þó að vera að þarna séu tvenn göng. Opið við lækinn reyndist við seinni rannsóknina nefnilega 8 metrum frá göngunum sem Matthías gróf (mynd 4).

Göngin eru annars um 1 metri að breidd, um 1,25 metri að hæð og um 25 metra löng. Þau göng voru grafin í gegnum forsöguleg jarðlög en þar á meðal voru þykk sandsteinslög sem göngunum héldu uppi. Göngin voru aðeins styrkt við munna þeirra en við bakkann voru grjóthleðslur sýnilegar um hálfan metra inn eftir göngunum. Því miður reyndist ekki unnt að aldursgreina göngin út frá þeim sjálfum af því að engir gripir fundust í þeim (Þór Hjaltalín 2010, bls. 155–160). Þór bendir á að „þar sem göngin komu upp í skálanum var að sjá að þau tilheyrðu elsta byggingafasa hússins, frá 11.-13. öld. Í torfi kringum gangaopið við skálann mátti finna gosösku frá Kötlugösi árið 1000 og eru göngin því að öllum líkindum ekki eldri en það. Gjóskan úr Kötlugösi árið 1500 og Heklu árið 1501 lágu óhreyfð töluvert ofan við

göngin þar sem þau höfðu hrunið saman. Það er ljóst að gjóska þessi féll löngu eftir hrun þeirra. Flest bendir til að göngin séu ekki yngri en frá 13. öld“ (Þór Hjaltalín 2010, bls. 160).



Mynd 4. Inngangar í jarðgöngin á Keldum, til vinstri á myndinni er þar sem upprunalegu göngin voru, göngin til hægri eru þau sem Mattías Þórðarson gróf. Mynd tekin í norður. (Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson)

Í neðanmálsgrein segir hann enn fremur:

„Í samtölum við ÞH hefur Ragnheiður sagt að tiltölulega lítil þykknun jarðvegs hafi átt sér stað frá því að Kötlulagið frá árinu 1000 féll og torfið var stungið. Er það sterk vísbending um að torfið hafi verið tekið mjög snemma, eða jafnvel á 11. öld. Svo er einnig að sjá að elsti fasi skálans sé frá 11. öld og hefur því staðið bygging þar áður en Jón Loftson reisti kirkju sína „fyrir norðan læk“, eins og segir í Þorláks sögu helga [...] Það eru því höfð nokkuð því skekkjumörk þegar sagt er að göngin séu ekki yngri en frá 13. öld“

Nokkur óvissa ríkir enn um aldur þessa merkilegu ganga en ljóst er engu að síður að þau eru afar forn.

Reynisstaður

Á Reynisstað í Skagafirði var eitt tveggja nunnuklaustra á Íslandi. Það var stofnað árið 1295 eftir að Gissur jarl Þorvaldsson hafði gefið Stað í Reynisnesi til stofnunar klausturs. Klaustrið var svo lagt niður árið 1551 þegar siðaskiptin urðu (Janus Jónsson, 1898 bls. 251 og 255).




Mynd 5. Staðsetning jarðgangaops og dældar.

Á Reynisstað eru leifar af mannvirki sem sennilega er jarðgöng. Í Byggðasögu Skagafjarðar eftir Hjalta Pálsson o.fl. er talað um það. Þar segir: „Jarðgöng, í síkisbakkanum austan við kirkjuna er lítið skarð sem er eftir inngang í jarðhúsi. Á árunum milli 1920 og 1930 minntist ábúandinn [Sigurður Jónsson] þar hurðarflaks fyrir dyrum og lágu göng inn til vesturs en beygðu síðan til norðurs. Nokkrar líkur eru á þetta hafi verið minjar um forn jarðgöng frá kirkjunni sem stóð austar en núverandi kirkja. En e.t.v. hefur þarna einungis verið grænmetisgeymsla frá tímum Eggerts Briem“ (Hjalti Pálsson o.fl. 2001, bls. 133).



Mynd 6. Helga Jónsdóttir fornleifafræðingur að kanna hið meinta gangaop (Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson).

Enn má sjá móta fyrir hinum meintu göngum, því þar hefur jörð sigið í bakkanum (myndir 5 og 6). Ef um göng er að ræða þá liggja þau út að fráveituskurði, rétt við ána, svipað og á Keldum þar sem jarðgöngin liggja að læknum.



Mynd 7. Hér sést hvar dældin er. Mynd úr Steinberg o.fl. 2001.

Jarðgöngin hafa ekki verið rannsökuð að neinu marki, hvorki grafið í þau né þau jarðsjármæld. Ef það yrði gert væri hægt að komast að því hvort hér sé raunverulega um að ræða jarðgöng eða geymslu. Fróðlegt væri að sjá umfang þeirra, lengd og hvert þau liggja. Í fornleifaskrá sem John Steinberg gerði nýverið er talað um göngin (mynd 7). Þar segir að fyrir austan kirkjugarðinn sé dæld í jörðinni (Steinberg o.fl. 2001, bls. 55). Hugsanlegt er að þarna undir liggja göngin að þeim stað sem gamla kirkjan var.


Skriðuklaustur

Skriðuklaustur í Fljótsdal var seinasta miðaldaklaustrið sem stofnað var á Íslandi. Það var árið 1494 en það stóð stutt, eða til ársins 1554 þegar siðaskiptin urðu (Janus Jónsson 1898, bls. 264–265). Daniel Bruun heimsótti Skriðuklaustur árið 1901. Hann skrifar: „*Samkvæmt venjunni ættu að hafa legið jarðgöng milli bæjar og kirkju, til afnota fyrir nunnurnar. Á einum stað sést jafnvel svolítill hryggur, sem mun vera leifar af þessum jarðgöngum, en hér eru sagnir harla óljósar*“ (Bruun 1974, bls. 163). Hafi þessi göng verið til, þá hafa þau verið stærðarinnar mannvirki því það eru um 200 metrar frá bænum að kirkjunni. Uppgröfturinn á Skriðuklaustri leiddi í ljós að þessi göng voru að öllum líkindum aldrei til. Aftur á móti fannst næturtrappa í klausturhúsunum sjálfum, þ.e. göng á milli klausturkirkjunnar og klausturhúsanna, en þau voru ekki niðurgráfin (Steinunn Kristjánsdóttir 2012, bls. 103–104).

Helgafell

Klaustur var að Helgafelli í Helgafellssveit í 370 ár, frá 1184 til 1550. Það var flutt þaðan frá Flatey. Ástæða flutningsins er ekki ljós en talið er að Ögmundur Kálfsson ábóti hafi keypt Helgafell handa klaustrinu (Janus Jónsson 1898, bls. 227–236).

Ekki eru til miklar heimildir fyrir jarðgöngum á Helgafelli en minnst er á undirgöng í einu bréfi á bænum. Það er bréf sem Einar Gíslason prestur á Helgafelli sendi árið 1707 til Árna Magnússonar. Í því er Einar að lýsa örnefnum á jörð Helgafells. Þar segir m.a.: „Ábótastofa er í miðri tröðinni [Ábótatröð] og segist undirgánger hafi verið úr henni suður í kirkjuna, hvertil nokkrar farvegs-líkur enn nú er að sjá“ svo segir í bréfi Einars prest til Árna Magnússonar (Einar prestur Gíslason 1856, bls. 304). Tröðin er enn sýnileg í dag en hún liggur í hálfhring frá norðaustur horni kirkjugarðsins við Helgafellskirkju í norðvestur í átt að bænum.



Mynd 8. Yfirborðsteikning og þverskurður af gröfinni, þetta er mjög óvenjuleg gröf og frekar ólík öðrum þekktum gröfum frá fyrri tíð (teikning úr: Jón Stefánsson 1898).

Miðað við þessa lýsingu virðist sem um sömu minjar sé að ræða og eru nú kallaðar Guðrúnarleiði og er talið vera leiði Guðrúnar Ósvífuradóttur, sem er í miðjum hálfhringnum. Nema að Einar sé að meina að Ábótastofan sé áföst tröðinni í nyrsta enda hennar og ef svo er þá er undirgangurinn sem hann nefnir, þar sem Guðrúnarleiði er. Hvort sem er, þá minnst Einar ekki á leiði Guðrúnar í bréfi sínu, sem verður að teljast sérstakt ef hann hefur vitað af því og því spurning hvort það séu seinni tíma sögusagnir að leiðið sé á þessum stað. Jón Stefánsson segir frá því í bókinni *Úti í heimi, endurminningar* (1949) að munnleg sögusögn segi að leiðið sé á þessum stað en Jón, ásamt W.G. Collingwood, grófu þar sem

munnmælasagan sagði að gröfin hafi verið og fundu það sem þeir túlkuðu sem hlaðna gröf (mynd 8). Í gröfinni voru „smáar tennur“ og leifar af höfuðkúpu ásamt járnhlut og fægðum steini. Þeir álitu að gröfinni hefði verið raskað og töldu þeir miklar líkur á að hér væri gröf Guðrúnar (Jón Stefánsson 1898, bls. 39–40).

Nokkru síðar sléttaði bóndinn á Helgafelli gamla kirkjugarðinn og hlóð upp leiðið sem stendur enn þann dag í dag (Örnefnasafn: Helgafell, Helgafellssveit, Snæfellsnessýsla, bls. 5). Áhugavert er að samkvæmt Jóni Stefánssyni þá snýr gröfin í áttirnar norður-suður en Kaalund sem skoðaði staðinn um tveimur áratugum fyrr talar um að hún snúi austur-vestur (Kaalund 1985, bls. 77). Mögulegt er að Einar og Jón séu að tala um sömu mannvistarleifar en að þeir hafi túlkað þær á mismunandi hátt. Jón sem gröf og Einar sem undirgöng.

Bær í Bæjarsveit


Fyrsti staðurinn sem hægt er að kalla klausturstað á Íslandi er Bær í Borgarfirði. Klaustrið þar var stofnað af Rúðólfi biskupi. Rúðólfur kom til Íslands árið 1030 og var hér í samtals 19 ár eða til ársins 1049, fyrst á Lundi í Lundareykjadal og svo á Bæ en þar stofnaði hann klaustur. Þegar hann fór af landi brott skildi hann eftir þrjá munka á staðnum en stuttu seinna lagðist klausturlífnaður af á Bæ. Rúðólfur varð síðan ábóti í Abington klaustrinu á Englandi þar til hann lést tveimur árum síðar (Janus Jónsson 1887, bls. 179–180).

Í Sturlunga sögu er talað um forskála á Bæ. Þar segir: „*Gengu þeir þá til hesta sinna og riðu heim til Bæjar og skipaði Þorleifur þar liði sínu til varnar á húsum og um kirkjugarð. Var Þorleifur á húsum þeim er eru í útnorður frá kirkju. Hafði hann þar handboga og Jósteinn glenna austmaður hans. Fyrir austan kirkju var Klængur Bjarnarson úr Brautarholti og Kjalnesingar en fyrir framan Markús Þórðarson og Akurnesingar. Þar var og Ólafur Þórðarson. Nesjamenn voru flestir á húsum. Jörundur hinn mikli úr Hvammi var á forskála milli húsa og kirkju*“ (Sturlunga saga 2010, bls. 391). Ekkert annað en þessi heimild bendir til þess að þarna hafi verið göng en Sturlunga saga virðist nákvæm þegar kemur að jarðgöngum, eins og segir hér á eftir þá greinir sagan frá forskála í Reykholti og á Skálholti sem hefur verið sýnt fram á með fornleifafræðilegum hætti að hafi verið til. Ekkert bendir hins vegar beinlínis til þess að þarna hafi verið jarðgöng á þeim tíma sem klaustrið var starfrækt vegna þess að atburðirnir í Sturlunga sögu gerðust talsvert seinna, eða á 13. öld en þá var búið að leggja klaustrið niður.

Göng á biskupssetrum

Skálholt

Lengi hefur verið vitað að í Skálholti voru jarðgöng, bæði af rituðum heimildum og einnig sást lægð eða drag á jörðinni þar sem þau voru (Kristján Eldjárn, 1988, bls. 37). Fyrsta heimildin þar sem er getið um göng í Skálholti er Sturlunga saga en þar segir að árið 1242 fór Órækja Snorrason með her sinn að Skálholti og sat um kirkjugarðinn. Þar segir meðal annars: „*Gissur Þorvaldsson og fylgdarmannasveit hans skyldu verja forskálan og húsin. Stóð þar fremstur við rána Jón toddi, Símon knútur, Önundur biskupsfrændi, Guðmundur Þórhildarson og þá*



Mynd 9. Göngin á Skálholti frá kirkjunni að bæjarhúsunum. Teikning eftir uppdrætti Brynjólfs Gíslasonar frá 18. öld.

hver að öðrum fylgdarmanna Gissurar“ (Sturlunga saga 2010, bls. 446). Einnig segir: „*Órækja gekk sunnan á húsinu með meginliðið, sóttu svo norður eftir forskálanum þeim sem til kirkju er*“ (Sturlunga saga 2010, bls. 448). Þá er getið um ganginn í Virðing á staðnum í Skálholti frá 1541, þar sem taldar eru upp byggingar á staðnum. Þar segir: „*Jtem prestaskalinn og skolastofan. gaungin fra radzmanz loffti og vp ad kyrkiu med klefunum badum. allt þetta fyrir X^c*“ (Íslenskt fornbréfasafn X 1911-1921, bls. 629). Göngin koma einnig fyrir í fjölmörgum útteknum frá 17. og 18. öld (mynd 9) (Kristján Eldjárn 1988, bls. 37).

Fyrstur til að grafa í undirgöngin í Skálholti var Brynjúlfur Jónsson árið 1902. Þá var verið að byggja hlöðu á þeim stað sem göngin voru. Hann fann þar um eins metra háar hleðslur sem mynduðu gang. Á milli þeirra var hellulagt gólf og undir gólfinu fann hann svo lokræsi sem var 1 fet að vídd og 1 feta djúpt. Ræsið gekk innundir vegginn á bænum (Brynjúlfur Jónsson 1904, bls. 20–21). Árið 1958 gróf svo Kristján Eldjárn aftur í göngin. Hann fann út að þau voru byggð í tveimur áföngum. Gólf I var frá því um 1650 til 1785 og gólf II var í notkun fram á miðja 17. öld. Göngin voru um 18 metra löng, 1–1,25 metra breidd og hallaði 5–6°. Byggingarefnið var grjót og sennilega torf. Undir gólfi II fannst svo aftur ræsið sem Brynjúlfur sagði frá. Það var hlaðið mósteinum, 15–20 sm að breidd og dýpt nyrst en dýpkar í syðri enda þess. Það passar við það sem Brynjúlfur greindi frá. Ræsið hefur verið

sett þarna, sennilega til þess að taka við vatni frá veggjum og þaki kirkjunnar og einnig jarðvatni sem steypst hefur af klöpp sem var undir kirkjunni. Ekki voru gerðar miklar athuganir á því hvort að eldra byggingarstig leyndist undir gólfi II, aðeins var gerð ein lítil prufuhola í gólfið, þar fannst það sem Kristján kallar „blandaðar moldir“ (sennilega á hann við einhverskonar mannvistarlag) en ekkert gólflag. Fjörtíu sentimetra undir gólfinu var svo óhreyfður jarðvegur. Göngin voru síðan endurbyggð og var gólfi II leyft að halda sér. Nýju göngin eru í dag um 4,5 metra styttri en upprunanlegu göngin (Kristján Eldjárn 1988, bls. 37–46).

Hólar í Hjaltadal

Minnst er á jarðgöng á Hólum í þjóðsögum sem Jón Árnason safnaði. Þar er m.a. talað um „að biskup (Jón Arason) hafði látið gera göng undir jörðinni úr húsi því er hann var oftast í og „slot“ var kallað og út í kirkjuna því þar var helzt griðastaður“ (Jón Árnason 1954, bls. 292). Einnig er talað um á öðrum stað að biskup hafi sent Gunnu griðkonu sína að sækja grind. Er svo sagt frá: „Fór hún þegar jarðgöngin til kirkjunnar – sér enn merki jarðhúsgangna þessara neðan úr staðnum“ (Jón Árnason 1954, bls. 295). Ebenezer Henderson minnst á jarðgöngin á Hólum í ferðabók sinni en hann ferðaðist um landið á árunum 1814–15: „Norður af kirkjunni er löng laut, er sýnir hvernig lágu jarðgöng, sem Jón Arason, hinn uppvöslusami síðasti biskup í kaþólskum sið, ljet grafa frá kirkjunni til fjalls, til þess að hann mætti komast þá leið undan fjandmönnum sínum, ef þeir kæmu þegar hann væri frá altarinu. Gæti hann svo safnað sjer liði í dölunum í kring“ (Henderson 1957, bls. 71).

Í tengslum við fornleifaskráningu sem Katrín Gunnarsdóttir (2000) gerði fyrir Byggðasafn Skagafjarðar voru eftirfarandi upplýsingar teknar saman um þessi göng:

„Á vesturhlið á kirkjugarðsveggnum er hlið. Göngin eru um 2.7m í norður frá veggnum sem nemur að nyrðri brún hliðsins. Gæti skeikað 0.5m til eða frá. 2) Frá kirkjugarðsveggnum, við nyrðri hluta sálnahliðsins á vesturveggnum, í norður um 2.70 m, síðan í austur í átt að kirkjunni um 3 m. Þar er leiði Friðbjörns Traustasonar f. 3.2.1889, d. 23.12.1974, (N: 65°44501 V: 19°06130). Þegar grafið var fyrir þeirri gröf var komið niður á steinhleðslu sem menn töldu vera jarðgöngin. 3) Úr bréfasafni Árna Sveinssonar. Eftir lýsingunni sem er þar hafa verið göng vestan við gamla bæinn. (Merkt nr. 10 og 13 á fylgiskjali 3). Lýsing: Ekkert sést af þessum jarðgöngum vegna túnasléttunar. Aðrar upplýsingar: Í sýslu- og sóknarlýsingu Skagafjarðar frá 1843 er getið um að enn þá sjáist merki leynigangs er Jón Arason hafði látið gera til að komast mætti með leynd frá staðnum. (Sóknarlýsingar 1839-1873, Hóla og Viðvíkursókn bls. 130). Í bréfasafni Árna Sveinssonar á Kálfastöðum er bréf frá Þormóði

Sveinssyni (bróðir Árna) sem skrifað er á Akureyri 29. mars 1959. Hefur Þormóður þessi það eftir Brynjólfi frænda sínum Eiríkssyni f. 11.11.1872 á Skatastöðum í Austurdal, d. 16.5. 1959. Tók búfræðipróf frá Hólum 1895. Man hann glögglega eftir er jarðgöngin fundust. Voru þau vestan við gamla bæinn eða nær ánni, áttir í Hjaltadal vildi hann helst ekki tilgreina. Framan við bæinn var allstór matjurtagarður og bar talsvert hærra á honum en þar sem fjósið stóð, en það var á grund nokkurri norð-vestur frá bænum, 31 þannig að bakki myndaðist þar sem garðinn þraut. Hermann Jónasson, skólastjóri frá.1888-1896, Hafði hann þann hátt á að láta taka mold úr bakkanum og bera í flórinn. Svo eitt sinn er Brynjólfur annaðist það starf komu göngin í ljós. En ekki voru þau athuguð gerla, né grafist fyrir hversu löng þau kynnu að vera, því Hermann taldi að það myndi skemma garðinn, en skáhallt inni hann lágu þau, sýnilega í átt til bæjarins, og sem næst í áttina til fjóssins á hinn bóginn, eftir því sem Brynjólf best minnir. Ekki er Brynjólfur viss um að veggirnir hafi verið hlaðnir úr grjóti, en all gildar stoðir voru beggja megin, og minnir hann að grafið væri svo langt, að sínar tvær kæmu í ljós beggja megin. Hafa máttarviðir að sjálfsögðu hvílt á þeim í upphafi, en ekki man hann eftir þeim sérstaklega, né treystir sér til að lýsa göngunum nánar, en þau voru vel opin á þeim parti sem grafið var. Og til frekari skýringar hefur Brynjólfur rissað upp afstöðuna án þess þó að stærðarhlutföll séu rétt. HSk 1427,4to Þegar kirkjugarðsveggurinn var hlaðinn upp árið 1972, var grafið niður á fast, kom þá í ljós steinhleðsla sem var innan við 1m á breidd, og var hún fyllt með mold, að sögn Jóns Sigurðssonar á Sleitustöðum sem vann við að byggja kirkjugarðsvegginn, var það alveg augljóst að þetta voru göng sem komið var niður á, segir hann ef staðið var við kirkjugarðsvegginn og horft til vesturs hafi göngin vísað eilítið til suðurs“ (Katrín Gunnarsdóttir 2000, bls. 30–31).

Göng á bæjarstæðum

Reykholt

Sagt er frá forskála á Reykholti í Sturlunga sögu. Þar segir: „Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en Órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu“ (Sturlunga saga 2010, bls. 374). Göng (forskáli) þessi fundust svo þegar verið var að reisa íþróttasal þarna árið 1934. Árið 1941 voru svo grafnir upp 19,5 metrar af syðri enda ganganna sem lá að Snorralaug og um 1 metri í nyrðri endanum. Syðri endi ganganna var svo endurbyggður árið 1947. Árin 1997–2000 voru göngin rannsökuð aftur en þá var íþróttasalurinn rifin. Í ljós kom nyrðri endi ganganna. Sá endi var í byggingu (nr. 10) og lágu tröppur úr henni niður í göngin. Göngin voru í allt um 36 metrar, hæð þeirra var 0,9–1,4 metrar og breiddin var um 0,8 metrar. Í þeim enda sem lá í bygginguna er strax um 45° beygja á göngunum.

Veggir voru hlaðnir með grjóti og torfi en gólfið var úr náttúrulegri móhellu. Einu gripirnir sem fundust í göngunum voru tveir stórir textílbútar. Tvö sýni úr viði sem fundust í neðstu fyllingunni voru send í ¹⁴C aldursgreiningu, annað sýnið gaf aldurinn 1025–1275 e.Kr. en hitt gaf aldurinn 1290–1410 e.Kr. (Guðrún Sveinbjarnardóttir 2012, bls. 69–73).

Selárdalur

Til eru þjóðsögur um stór og mikil jarðgöng á ýmsum stöðum á landinu. Ein slík er um Árum-Kára, en hann átti að hafa grafið allmikil göng á Selárdal í Arnarfirði.

„Það ætla menn að Kári hafi látið gjöra undirgang í jörðu úr Selárdalsbænum og í kirkjuna og þaðan aftur suður úr kirkjubrekkunni ofan undir ána og enn undirgang úr bænum gegnum allan túnhólinn norðvestur í dæld þá er liggur upp undir fjallinu og inn í dalinn, og hafa menn nú [á] dögum fundið ljós merki til þessa undirgangs; hefur hann verið ætíð rambyggilega gjörður og djúpt í jörðu niðri“ (Jón, Árnason 1954, bls. 492).

Greinilegt er að eitthvað hefur sést á yfirborðinu þegar þessar sögur voru skrifaðar á miðri 19. öld og hefur það væntanlega verið uppsprettan af sögunni sem varla er sönn, enda væri um að ræða heljarinnar mannvirki.

Vatnsfjörður

Guðbrandur Jónsson nefnir einnig göng sem fundust á Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp þegar var verið að grafa í jörð þar á miðri 19. öldinni:

„Ýmsir menn, sem höfðu verið við að taka gröf þarna fyrir örfáum mánuðum, sögðu veggina tvo, og væri bilið milli þeirra svo stórt, að maður gæti hæglega gengið á milli þeirra, og lægju þeir í áttina frá kirkjurústinni að bæjarstæðinu gamla. Þessir menn héldu, að múrarnir væru leifar af fornum neðanjarðar göngum af bænum á kirkjuna, og þóttust þeir hafa heyrt munnmæli um, að slík göng hefðu verið til, löngu áður en þeir sáu neðanjarðarmúrana. Munnmæli þessi eiga vafalaust rétt að mæla, að til hafi verið göng neðanjarðar milli bæjar og kirkju, og hafa grafararnir komið niður á þau þarna. Má af þessu ráða, að bráðnauðsynlegt hefir þótt að eiga greiðan og óhindraðan að-gang að kirkjunni til að njóta þar griða og að kirkjugarðinum til að verjast þaðan. Það vakti athygli við rannsóknina, að rústin af gömlu kirkjunni, sem í garðinum er, skyldi liggja svo að segja alveg út við kirkjugarðsvegginn bæjarmegin, en ekki í miðjum garðinum eins og að jafnaði tíðkast, en þarna mun hún stöðugt hafa legið, og einmitt þarna til þess að göngin af bænum væru eins stutt og mögulegt var; styður þetta því einnig frásöguna um göngin. Ekki hefir verið hægt að

rannsaka þau vegna hinna nýju leiða, sem í þeim og kringum þau“ (Guðbrandur Jónsson 1856, bls. 81–82).

Árið 1997 var verið að endurhlaða kirkjugarðsvegginn þar sem hann var næst bænum og komu þá byggingaleifar í ljós og var talið að þarna væru göngin sem Guðbrandur nefndi. Í ljós komu þrjú mannvirki en engin jarðgöng fundust. Reyndar var aðeins grafið niður á óhreyft í einu þessara mannvirkja. Í því fannst það sem túlkað var sem ræsi (Sigurður Bergsteinsson og Guðrún Sveinbjarnardóttir 1999, bls. 5–9). Á síðustu árum hafa farið fram miklar rannsóknir á bæjarhólnum og öllu svæðinu í kring en svo virðist sem ekkert hafi fundist sem bendi til jarðganga (sjá t.d. Oddgeir Isaksen o.fl. 2013).

Hrafseyri

Á Hrafseyri við Arnarfjörð er lægð í túninu sem heitir Undirgangur. Lægðin nær frá bökkum sem þarna eru og upp undir suðvesturhornið á kirkjugarðinum. Hún hafði áður náð upp að bæjarhlaðinu en árið 1905 var garðurinn, sem var úr torfi, tekinn niður og þá var fyllt upp í þann hluta lægðarinnar sem þarna var. Talið er að þarna séu jarðgöng, sem náðu frá bænum og að bökkunum. Samkvæmt Ásgeiri Jónssyni sem bjó á Hrafseyri á seinni hluta 19. aldar var opið í bakkanum um 2–3 faðmar en hafi svo minnkað og var um alinn um aldamótin 1900. Þá hafi enn sést steinhleðslur í opinu en það var sigið saman (Böðvar Bjarnason 1961, bls. 16).

Sigurður Vigfússon skoðaði Undirgang árið 1889 en hann var ekki sammála Ásgeiri. Hann mældi lengd þessa fyrirbæris. Það var 70 faðmar (um 130 metrar) frá bökkunum upp að skálarúst sem hann fann þarna. Hann taldi þetta vera náttúrulega lægð sem hafði myndast af því þarna hefði runnið vatn en það rann þarna í leysingum. Hann segir að lægðin liggir í olnboga neðst og það sanni að ekki sé um jarðgöng að ræða. Varðandi opið neðst segir hann að þar séu tveir steinar og að þeir séu jarðfastir og að „*þar hafa menn líklega álitið dyr, og er víst eigi annar fótur fyrir munnmælum þessum*“ En það sem virðist sannfæra Sigurð mest er að það er ekki minnst á þessi jarðgöng í Hrafns sögu og því geti þau ekki verið til. Hann segir: „*enn það gæti með engu móti verið, hefði þar verið undirgangr. Það er og varla annað hugsanda enn Sturlunga (Hrafns saga), er segir svo nákvæmlega um heimsókn að Hrafni, hefði getið um undirgöngin, hafi svo stórkostlegt mannvirki verið þar*“ (Sigurður Vigfússon 1892, bls. 137). Þetta lýsir skoðunum Sigurðar vel. Svo virðist sem að hann geti ekki ímyndað sér að neitt hafi gerst eftir atburði Sturlunga sögu, því ef þarna voru jarðgöng eða eitthvað annað mannvirki þá getur það vel verið yngra en sagan.

Árið 2015 var svæðið rannsakað, könnunarskurður var tekinn þar sem talið er að undirgangurinn hafi verið. Í ljós kom mannvirki úr torfi sem var nokkru dýpra í jörðu en önnur mannvirki sem hafa fundist á staðnum. Rannsakendur gátu ekki séð út frá þessum eina könnunarskurði hverskonar mannvirki þetta var en gátu ekki útilokuð að um jarðgöng væri að ræða (Margrét Hallmundsdóttir o.fl., 2016, bls. 10).

Fleiri göng

Jarðgöng koma sömuleiðis fyrir í allmörgum fornritum, önnur en þau sem þegar hefur verið rætt um hér. Í Sturlunga sögu er minnst á forskála að Flugumýri í Skagafirði, „*Þar voru öll hús mjög vönduð að smíð, forskálar allir alþildir til stofu að ganga, skáli altjaldaður og stofa*“ (Sturlunga saga 2010, bls. 642).

Jarðgöng koma einnig fyrir í Gísla sögu Súrsonar þar segir um göng á Vaðli: „*Gísla þykir fyrir er þeir skiljast. Hann fer nú út í Vaðil til móður Gests Oddleifssonar og kemur þar fyrir dag og drepur á dyr. Gengur húsfreyja til dyra. Hún var oft vön að taka við skógarmönnum og átti hún jarðhús; var annar jarðhússendinn við ána en annar við eldahúsið hennar og sér enn þess merki*“ (Gísla saga Súrssonar 1998, bls. 878). Í dag er hægt enn hægt að sjá móta fyrir einhverju á jörðinni sem líkist jarðgöngum. Ekki er þó hægt að fullyrða það.

Í Hávarðar sögu Ísfirðings er talað um jarðgöng á Mánabergi. Þar segir: „*Hann liggur í lokrekkju læstri hverja nátt. Jarðhús er í hvílugólfinu og er annar jarðhússmunninn á baki húsunum. Hefir hann og margt manna með sér*“ (Hávarðar saga Ísfirðings 1998, bls. 1319).

Jarðhús kemur fyrir í Reykdæla sögu, þar segir: „*Og jarðhús átti hann undir rúmi sínu og annan jarðhússmunna í sauðahúsum sínum. Ekki vissu þetta fleiri menn en Skúta og fóstra hans er Sigríður hét að væri þann veg um búíð. Og svo unni hann henni mikið að hann trúði henni einni að vita með sér slíka hluti*“ (Reykdæla saga og Víga-Skútu 1987, bls. 1777)

Í Droplaugasona sögu er talað um bæði forskála og jarðhús. Þar er sagt frá jarðhúsi á Oddmarslæk. Þar segir: „*Nú lögðust þeir yfir ána með Þorkel trana og komu á þann bæ er á Bakka heitir fyrir austan fljótið og gengu þar í fjós og tóku þar pál og reku og fóru á brott síðan og þaðan út til Oddmarslækjar fyrir vestan Eiðaskóg. Við lækinn grófu þeir jarðhús og færðu mold alla út á lækinn. Vildu þeir eiga fylgsni það ef þeir þyrftu til að taka*“ (Droplaugasona saga 1998, bls. 361). Einnig er sagt frá jarðhúsi á öðrum stað í bókinni: „*En það var reyndar að Grímur gerði jarðhús og kom munninn upp við sæng konu hans og lá hann þar um nætur en mold var færð á lækinn*“ (Droplaugarsona saga 1998, bls. 365). Þá er

einnig rætt um forskála í Droplaugasona sögu: „Þenna aftan gengu þeir Grímur úr jarðhúsinu og heim til Eiða og ganga inn í fjósdyr. En af fjósi gekk forskáli inn í mannahús. Stóðu þeir þar og sáu þaðan tíðindin inn í bæinn“ (Droplaugarsona saga 1998, bls. 361).

Umræður

Greinilegt er að jarðgöng voru notuð á Íslandi á miðöldum að einhverju leyti, sérstaklega á biskupssetrum, höfðingjasetrum og hugsanlega klaustrum. Mismunandi er hvaðan heimildirnar um göngin koma. Í sumum tilfellum eru þetta sögusagnir vegna dælda sem sjást á yfirborði, eins og á Munkaþverá, eða þá að það sést enn móta fyrir þeim, eins og á Reynisstað. Á Keldum voru ekki til neinar sagnir um göng en þar voru þau engu að síður. Klaustrið þar var starfrækt í það stuttan tíma að erfitt getur verið að tengja notkun jarðganganna við klaustrið. Sturlunga saga segir frá göngum á nokkrum stöðum og hefur verið hægt að sanna tilvist þeirra á tveimur stöðum. Treysta má því þeim frásögnum að einhverju leyti sem þýðir að á stöðum eins og á Bæ í Bæjarsveit megi mögulega finna jarðgöng. Á báðum biskupssetrunum, á Hólum og í Skálholti fundust jarðgöng við fornleifauppgrefti. Á eina klaustrinu sem hefur verið grafið upp að fullu, Skriðuklaustri, fundust hins vegar engin jarðgöng enda þótt munnmæli væru til um þau. Ekkert bendir til jarðganga á hinum klausturstöðunum sem ekki hafa verið nefndir í þessari skýrslu, nema á Reynistað. Í Viðey og á Kirkjubæjarklaustri hefur frekar lítil hluti klaustranna verið grafinn upp en ekkert fannst sem bendir til jarðganga þar enda engar heimildir heldur til um tilvist þeirra. Engar heimildir eru sömuleiðis til um jarðgöng á Hítardal, Möðruvöllum, Þingeyrum, Saurbæ eða á Þykkvabæjarklaustri.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996). *Fornleifaskráning í Eyjafirði V: Fornleifar á syðstu jörðum í Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagils og Grundar í Hrafnagilshreppi*. Akureyri: Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.

Benjamin Kristjánsson (1955). Prenningarhátíð á Munkaþverá. *Kirkjuritið* 21, bls. 345–356.

Bréfasafn Árna Sveinssonar á Kálfastöðum HSk. 1427, 4 to.

Bruun, D. (1974). Við norðurbrún Vatnajökuls (Rannsóknir á Austurlandi 1901). *Múlaþing* 7, bls. 159–195.

Böðvar Bjarnason (1961). *Hrafnseyri. Fæðingastaður Jóns Sigurðssonar forseta*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins.

Einar prestur Gíslason (1886). Örnefni nokkur að Helgafelli. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju*, 2. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Gísla saga Súrssonar (1998). *Íslendinga sögur og þættir II*. Reykjavík: Mál og menning.

Guðbrandur Jónsson (1919). Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal, lýsing íslenzkra miðaldakirkna. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju*, 5. bindi Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.

Droplaugasona saga (1998). *Íslendinga sögur og þættir I*. Reykjavík: Mál og menning.

Guðrún Harðardóttir (1998). Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1996-1997*, bls. 5–42.

Guðrún Sveinbjarnardóttir (2012). *Reykholt Archaeological Investigations at a High Status Farm in Western Iceland*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Snorrastofa.

Hávarðar saga Ísfirðings (1998). *Íslendinga sögur og þættir II*. Reykjavík: Mál og menning.

Henderson, E. (1957). *Ferðabók. Frásagnir af ferðalögum um þvert og endilangt landið og vetrardvöl í Reykjavík 1814-15*. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & Co.

Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason og Halldór Ármann Sigurðsson (2001). *Byggðasaga Skagafjarðar, II. Bindi, Staðarhreppur og Seyluhreppur*. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagafjarðar.

Íslenskt fornbréfasafn X (1911-1921). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jakob J. Jónsson (1874). *Bréf til Sigurðar Guðmundssonar málara*. Sótt 8.7.2015 af <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=498668>

Janus Jónsson (1887). Um Klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 174-265.

Jón Árnason (1954). *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I, ný útgáfa*. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (önnuðust útgáfuna). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Jón Stefánsson (1898). Leiði Guðrúnar Ósvífrsdóttur, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1898*, bls. 39-40.

Jón Stefánsson (1949). *Út í heim, endurminningar*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Kaalund, P. E. K. (1985). *Íslenskir sögustaðir II. Vestfirðingafjórðungur. Í þýðingu Haraldar Mattíassonar*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

- Katrín Gunnarsdóttir (2000). *Hólar í Hjaltadal Fornleifaskráning*. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.
- Kristján Eldjárn (1988). Undirgangurinn. Í Kristján Eldjárn, Christie, H. og Jón Steffensen. (ritstjórar), *Skálholt. Fornleifarannsóknir 1954-1958*. Reykjavík: Lögberg.
- Margrét Hallmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir (2016). *Arnarfjörður á miðöldum*. Framvinduskýrsla 2015. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.
- Oddgeir Isaksen, Mooney, D. E., Garðar Guðmundsson og Mikolajczyk, L (2013). *Vatnsfjörður 2012 framvinduskýrslur/Interim reports FS514-030912*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Reykðæla saga og Víga Skútu (1987). *Íslendinga sögur og þættir III*. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Sigurður Bergsteinsson og Guðrún Sveinbjarnardóttir (1999). *Kirkjugarður í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Sigurður Vigfússon (1892). Rannsókn á Vestfjörðum 1888. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1888-1892*, bls. 124–142.
- Steinberg, J. Alexakis, J. Barnard, H. Bolender, D. Carter, T. Dabare, N. Damiata, B. Daniels, B. Daniels, J. DeMarrais, L. Dugdale, C. Earle, T. Gilman, A. Grétar M. Guðbergsson, Haapanen, M. Johnson, I. Martin, S. Noah, A. Self, S. Magnús Á Sigurgeirsson. Sigríður Sigurðardóttir og Stuart, K. (2001). *Interim Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey*. Los Angeles: Cotsen Institute of Archaeology at UCLA.
- Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015) *Kortlagning klaustra á Íslandi. Munkaþverá*. Sótt af slóðinni: https://notendur.hi.is/~sjk/MUNK_2015.pdf
- Steinunn Kristjánsdóttir (2012). *Sagan af klaustrinu á Skriðu*. Reykjavík: Sögufélag.
- Sturlunga saga I. bindi* (2010). Örnólfur Thorsson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og Menning.
- Sturlunga saga II. bindi* (2010). Örnólfur Thorsson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og Menning.
- Sýslu og Sóknaarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafjarðarsýsla* (1954). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Þór Hjaltalín (2000). Jarðgöng á Keldum. Fundur ganganna árið 1932. *Goðasteinn 2000-Oddastefna*, bls. 218-237.
- Þór Hjaltalín (2010). Íslensk jarðhús. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2010*, bls. 141–184.
- Þorláks saga B (2002). Íslensk fornrit. XVI. bindi *Biskupa sögur II*. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Ritstjóri Jónas Kristjánsson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Örnefnasafn: *Helgafell, Helgafellssveit, Snæfellsnessýsla*. Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Myndaskrá

Mynd 1. Þeir staðir sem rætt er um í þessari skýrslu.	2
Mynd 2. Uppdráttur af kirkju og bæ á Munkaþverá, gerður af Jakobi J. Jónssyni	4
Mynd 3. Inngangar í jarðgöngin á Keldum (Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson).....	7
Mynd 4. Staðsetning jarðgangaops og dældar.	8
Mynd 5. Helga Jónsdóttir fornleifafræðingur að kanna hið meinta gangaop (Ljósmyndari: Hermann Jakob Hjartarson).	8
Mynd 6. Hér sést hvar dældin er. Mynd úr Steinberg o.fl. 2001.	9
Mynd 7. Yfirborðsteikning og þverskurður af gröfinni, þetta er mjög óvenjuleg gröf og frekar ólík öðrum þekktum gröfum frá fyrri tíð (Teikning úr: Jón Stefánsson 1898).	10
Mynd 8. Göngin á Skálholti frá kirkjunni að bæjarhúsunum, teikning eftir uppdrætti Brynjólfs Gíslasonar frá 18. öld.	12

Skýrslur rannsóknarinnar

Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Bær og Hítardalur*. Vettvangsskýrsla I.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Bær í Borgarfirði*. Vettvangsskýrsla II.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Hítardalur á Mýrum*. Vettvangsskýrsla III.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Helgafell*. Vettvangsskýrsla IV.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Reynistaður*. Vettvangsskýrsla V.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Viðey*. Vettvangsskýrsla VI.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar–Trumbsvalir*. Vettvangsskýrsla VII.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar*. Vettvangsskýrsla VIII.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Hítardalur*. Vettvangsskýrsla IX.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Munkaþverá*. Vettvangsskýrsla X.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Möðruvellir*. Vettvangsskýrsla XI.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þykkvabæjarklaustur*. Vettvangsskýrsla XII.

Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Klausturörnefni*. Skýrsla XIII.

Walser, Joe W. III (2015). *Report on human remains from Munkaþverá*. Skýrsla XIV.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Þingeyrar*. Vettvangsskýrsla XV.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Munkaþverá*. Vettvangsskýrsla XVI.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Keldur*. Vettvangsskýrsla XVII.

Vala Gunnarsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Gripir*. Vettvangsskýrsla XVIII.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Helgafell*. Vettvangsskýrsla XIX.

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi. Möðruvellir*. Vettvangsskýrsla XX.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Greinargerð um niðurstöður kolefnisaldursgreininga I*. Vettvangsskýrsla XXI.

Hermann J. Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2016). *Jarðgöng frá fornri tíð á Íslandi. Skýrsla um jarðgöng á klausturstöðum, biskupsstólum og höfuðbólum á miðöldum*. Vettvangsskýrsla XXII.

Greinargerðir og aðrar skýrslur

Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir (2014). *Einsetulífnaður á Íslandi. Rannsókn á nafngreindum einstaklingum eða hópum sem sest hafa í trúarlega einsetu á Íslandi*.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2014). *Klausturrannsóknir sumarið 2014. Gjóskulagarannsókn*.

Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Klaustur á Íslandi. Skýrsla um jarðsjármælingar sumarið 2014*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2014). *Viðey Pollen Analysis: Sample KL-2014-28-031*.

Riddel, S. (2014). *Flotation sampling procedure. Autumn 2014*.

Grayburn, Jennifer (2015). *Architectural images in Icelandic Manuscripts*.

Grayburn, Jennifer (2015). *Monasteries in the Archdiocese of Niðaros*.

Guðrún Helga Jónsdóttir (2015). *Tengsl fólks í miðaldaklaustrunum á Íslandi*.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2015). *Klausturrannsóknir sumarið 2015. Gjóskulagarannsókn*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Bær í Borgarfirði. Rapid scanning for cereals in sample KLI-2014-21-11*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Helgafell Pollen Analysis: Sample KL-2014-16-02*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Reynistaður Pollen Analysis: Sample KL-2014-21-14*.

Riddel, S. og Egill Erlendsson (2015). *Þingeyrar Soil Sampling. Field Survey Report 14th & 15th October 2014*.

Graham, M. (2014). *Monasteries in Iceland. Report on Geophysical Survey. Season 1*. Wigton: Grampus Heritage and Training Ltd.